



Byggingarskóli Suðurnesja

Keflavík - Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

25. fundur var haldinn í skólanum þann 26. júní 1978, kl. 20:00.
Mettir voru: Gunnar Sveinsson, Eggert Ólafsson, Bergmann Þorleifsson, Hreinn Ásgrímsson, skólameistari og yfirkennari.
Axel Nikolaisón sat fundinn á meðan fyrsti liður dagskrár var tekinn fyrir.

I. Axel Nikolaisón gerði grein fyrir framkvæmdum við skóla-bygginguna. Sagði hann að byggingaáætlun þeirri er gerð var að í vor, hafi verið lýgt að mestu og hefði verkinu miðað vel. Lokið hefur verið við að steypa upp hæðina, verið er að setja klæðningu á þakið og hefur þakjárníð verið keypt. Raflagnir hafa verið boðnar út og er langt komið með frágang útboðsgagna vegna pípulagna.

Skólameistari sagði að sveitarfélögin hefðu þegar greitt sínar 40 milljónir með vixlum með mismunandi gjalddögum. Nú þegar er búið að selja um þriðjung þessara víxla, auk þess sem tekið hefur verið lán hjá Sparisjóðnum í Keflavík að upphæð 5,5 milljónir. Skólameistari taldi verkið hafa komið vel út kostnaðarlega séð, til þessa.

Á fundinum kom fram að skólanefndarmenn F.S. hafa jafnframt allir verið tilnefndir sem fulltrúar í byggingarnefnd skólans.

Byggingarnefndin felur skólameistara, aðstoðarskólameistara og Axel Nikolaisyni daglega umsjón með byggingarframkvæmdum.

II. Meðfylgjandi byggingarsamningur skólans var lagður fram, hann ræddur, samþykktur og undirritaður.
Hefur samningur þegar verið undirritaður af hálfu menntamálaráðuneytisins (samningurinn er límdur á bls. 159-162).

- III. Skólanefnd samþykkir að leggja fyrir fjárveitinganefnd Alþingis, beiðni um stofnfjárframlag fyrir skólann að upphæð kr. 8,5 milljónir.

IV. Kennararáðningar.

Umsóknarfrestur um lausar kennarastöður skólans er til 5. júlí. Allmargar umsóknir hafa þegar borist.

Skólanefnd er sammála um að mæla með að eftirtaldir kennarar skólans verði skipaðir í fastar stöður:

Óskar Jónsson, Axel Nikolaison, Sigurður Erlendsson, Ægir Sigurðsson, Maja Loebell og Sigrún Þorsteinsdóttir.

Þá samþykkir skólanefnd að láta auglýsa starf aðstoðar-skólameistara laust til umsóknar.

V. Ákvörðun um námsbrautir.

1. Vélstjórabraut II. stigs.

Skólanefnd er meðmælt því að taka upp þessa braut og samþykkir að leita samþykkis Vélskóla Íslands og menntamálaráðuneytis fyrir stofnun hennar.

2. Tréiðnadeild - verknám.

Samþykkt að starfrækja brautir á 1. og 2. ári ef næg þátttaka fæst.

3. Hársnyrtibraut.

Ákvörðun frestað.

VI. Umsóknir um skólavist.

233 nýnemar hafa sent umsóknir um skólavist á komandi haustönn. Af þeim fullnægja 119 öllum skilyrðum, 88 þurfa að stunda fornám í einhverjum greinum og 12 sækja um nám á flugliðabraut.

Þá liggja fyrir 170 umsóknir um framhaldsnám að viðbættum 30 er sækja um framhaldsnám á flugliðabraut. Þá munu koma inn 12 iðnnemar. Auk þessa má búast við að u.þ.b. 20 bætist við á hinar ýmsu brautir.

- VII. Einar Gunnarsson húsgagnasmiður í Keflavík hefur boðið F.S. iðnaðarhús sitt að lðavöllum í Keflavík til kaups. Er húsnæði þetta um 800 m². Skólanefnd samþykkir að athuga málið nánar og felur formanni sínum að afla sér nánari upplýsinga hér um.

VIII. Skólaskýrsla.

Skólameistari upplýsti að skólaskýrsla ársins 1976-'77 væri tilbúin til prentunar. Skólanefnd samþykkir að láta prenta og gefa út saman skólaskýrslur tveggja síðustu ára.

- IX. Skólameistari gat þess að Jón Valdemarsson hefði lagt fram greinagerð um nauðsynlegar viðgerðir og lagfæringar á kennsluhúsnæði málmiðnabrauta, svo og yfirlit yfir þau tæki sem nauðsynlega þarf að festa kaup á.
- X. Skólanum hafa borist sérstök þakkarbréf frá flugmála-stjórn og samgönguráðuneyti vegna stofnunar flugliða-brautar.
- XI. Fram kom að Otto Tynes hefur verið settur til eins árs frá 1. janúar 1978 sem deildarstjóri við flugliðanámsbraut með bréfi dagsettu 20. júní 1978.

Fleira var ekki á dagskrá og var fundi slitið um kl. 23:00.

Fundarritari,

Hreinn Ásgrímsson.